

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi á Fljótsdalshéraði.

#### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi norðvestursvæðis Egilsstaða.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2019 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi norðvestursvæðis Egilsstaða sem snýr að Lagarási 21–33.

Tillagan var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdanefnd þann 13. nóvember 2019. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Þrándarstaði.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti á fundi sínum þann 2. október 2019 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi við Þrándarstaði sem snýr að tilfærslu á byggingarreit á lóð nr. 7 til suðurs við götu C samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir Þrándarstaði.

Tillagan var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdanefnd þann 13. nóvember 2019. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Tunguás.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2019 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi við Tunguás.

Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að setja ramma utan um frekari uppbyggingu á svæðinu og er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Um er að ræða deiliskipulag fyrir svæði sem skilgreint er sem frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Deiliskipulagið er leiðrétting á eldra deiliskipulagi frá 2005, með leiðréttingu fellur eldra deiliskipulag úr gildi. Leiðréttingin er í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 509/2015.

Tillagan var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdanefnd þann 13. nóvember 2019. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fljótsdalshéraði, 27. janúar 2020.*

**Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.